



Hempel sinkgrunnur

Vörunr. 1649

Lýsing

Hempel sinkgrunnur (1649) er einþátta, fljótpornandi, sinkríkur viðgerðargrunnur úr fenoxí bindiefnum.

Notkun

Hempel sinkgrunnur (1649) hentar sem langtímaryðvörn á sandblásið stál við mjög tærandi aðstæður. Grunnurinn hentar til viðgerða á galvanhúðuðu bárujárni, lituðum járnklæðningum, Galvosil og öðrum sinkríkum málningum. Grunnurinn má ekki fara á málningu eða á plasthúð litaðra járnklæðninga, aðeins á bert járníð eða á sinkríka málningu. Þolir 120 °C hita í þurru lofti.

Tæknilegar upplýsingar

Litir: Málmgrár (1984)	Þynnir: Þynnir nr. 845
Gljástig: Matt	Áhaldahreinsir: Þynnir nr. 845 eða 9961
Pakkningar: 0,5 og 4 lítra	Þurrktími: 1/2 klst
Efnisnotkun: 10 m /l - 35 µm þurrfilma	Yfirmálun: Lágmark: 1 klst
Eðlisþyngd: 2,0 kg/l	Hámark: Ekkert
Þurrefni: 34 % (rúmmál)	

Undirmálun

Málningin er grunnur og þarf ekkert sérstaka grunna undir hana.

Yfirmálun

Málningarkerfi eins og Hemukrýl, Hempatex, Hempanyl, Hempadur, Hempaþan eða Hempinol.

Áhöld

Loftlaus sprauta og pensill. Þegar notuð er loftlaus sprauta má mest þynna um 5 % með Þynni nr. 845 eða Þynni nr. 871. Spíssvídd skal vera 0,019-0,021" og þrýstingurinn 200 bör.

Vinnutilhögun


Hreinsið olíu, fitu og sótt með Hempel olíuhreinsi (9933) og skolið síðan vel með vatni. Fjarlægjið ryð með sandpappír, vírbursta eða véslípun. Myndið góðan hrjúfleika í yfirborðið. Ef nota á grunninn sem langtímaryðvörn á stál skal sandblása í Sa 2,5. Í viðgerðir skal blettmála tvisvar og er málningunni þá þrýst vel í viðgerðina með pensli. Flöturinn sem á að mála þarf að vera alveg þurr, hreinn og með hitastig 3 gráður yfir daggarmarki.

Athugasemdir

- Málningin þolir notkun við lág hitastig, en við slíkar aðstæður lengist þurrktímann. Það mega engir ískrystalar vera á fletinum.

Varúðarmerkingar

Nauðsynlegt er að lesa og fara eftir notkunar- og öryggisleiðbeiningum. Ávallt skal varast innöndun lífrænna leysiefna og málningarúða. Mjög áriðandi er að hafa góða loftræstingu við meðhöndlun málninga sem þynntar eru með lífrænum leysiefnum. Þegar málningu er sprautað skal nota andlitsgrímur og nauðsynlegan hlífðarfatnað.



Inniheldur Metýl etýl keton og xylen.

Hættulegt við innöndun og í snertingu við húð. Ertir augu, öndunarfæri og húð. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Meðhöndlið og opnið umbúðir með varúð. Varist snertingu við húð og augu. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragni. Má aðeins nota á vel loftræstum stað.

Geymist þar sem börn ná ekki til.